

Samþykktir

indó sparisjóður hf.

1. Nafn félagsins, heimili, varnarþing og tilgangur

- 1.1. Félagið er hlutafélag og nafn þess er indó sparisjóður hf. (hér eftir „sparisjóðurinn“).
- 1.2. Heimili sparisjóðsins og varnarþing hans er í Reykjavík.
- 1.3. Sparisjóðurinn starfar eftir lögum um fjármálafyrirtæki og tilgangur hans er að veita fjármálapjónustu skv. lögum 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Sparisjóðnum er heimilt að stunda hverja þá starfsemi sem fjármálafyrirtækjum er heimilt hverju sinni og starfsleyfi sparisjóðsins kveður á um.

2. Hlutafé sparisjóðsins

- 2.1. Flokkar hlutfjár í sparisjóðnum eru þrír, A-flokkur, B-flokkur og C-flokkur. Hluthafar í A-flokki og B-flokki njóta sömu réttinda og skyldna. Hlutum í C-flokki fylgir hvorki atkvæðisréttur né réttur til arðgreiðslna. Hluthafar í C-flokki skulu, í réttu hlutfalli við hlutfjáreign sína í C-flokki, njóta forgangs á greiðslur fyrir allt að þeirri fjárhæð sem þeir skráðu sig fyrir við kaup á hlutum í sparisjóðnum, út úr sparisjóðnum umfram hluthafa í A-flokki og B-flokki komi til þess að sparisjóðnum sé slitið eða allar, eða því til næst allar, eignir hans seldar.
- 2.2. Hlutafé sparisjóðsins er 10.036.962 sem skiptist þannig milli hlutflokka:
 - A-flokkur hlutabréfa – 4.481.182 hlutir hver að nafnvirði ein (1) króna
 - B-flokkur hlutabréfa – 5.555.780 hlutir hver að nafnvirði ein (1) króna
- 2.3. Heimilt er að hækka hlutafé sparisjóðsins með ályktun hluthafafundar og þarf til hækkunarinnar sama vægi atkvæða og til breytinga á samþykktum þessum. Allir hluthafar skulu hafa forgangsrétt að öllum nýjum hlutum, hvort sem hinir nýju hlutir eru í A-flokki, B-flokki eða C-flokki, í hlutfalli við skráða hlutfjáreign sína. Nýti hluthafi sér ekki forgangsrétt sinn að nýjum hlutum eiga aðrir hluthafar hlutfallslega aukinn rétt til áskriftar í hans stað. Heimilt er að víkja frá þessu ákvæði, sbr. 3. mgr. 34. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög.



- 2.4. Hlutabréf sparisjóðsins eru gefin út með rafrænum hætti í verðbréfamiðstöð samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/2020, um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerna. Skráning verðbréfamiðstöðvar um eigendur hluta í sparisjóðnum er fullgild hlutaskrá þess og skal skoðast sem fullgild sönnun fyrir eignarrétti að hlutum í sparisjóðnum. Öllum tilkynningum til hluthafa og úthlutun réttinda, s.s. arði, skal beina eða úthluta til þess aðila sem á þeim tíma er skráður eigandi viðkomandi hlutar í hlutaskrá sparisjóðsins. Um eigendaskipti að rafrænum hlutum og framkvæmd þeirra fer eftir lögum nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerna og reglna sem settar eru á grundvelli þeirra.
- 2.5. Stjórn er heimilt að hækka hlutafé sparisjóðsins um allt að 615.654 að nafnverði í A hlutum með áskrift nýrra hluta, í einu lagi eða í skrefum, til ráðstöfunar í hvatakerfi fyrir starfsmenn, ráðgjafa og aðra tengdum sparisjóðnum. Sölugengi, tímamörk áskriftar og greiðsluskilmálar skulu vera tilgreindir í viðkomandi samningum. Hluthafar sparisjóðsins hafa ekki forgangsrétt að hlutum sem gefnir eru út í samræmi við heimild þessa. Nýir hlutir skulu veita réttindi í sparisjóðnum frá útgáfudegi þeirra. Stjórn sparisjóðsins er heimilt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum sparisjóðsins í tengslum við útgáfu nýrra hluta skv. heimild þessari. Heimild þessi gildir til 30. mars 2028. Að öðru leyti skulu hlutafjárukningar fara fram í samræmi við samþykktir sparisjóðsins og viðeigandi ákvæði laga um hlutafélög nr. 2/1995.¹
- 2.6. Stjórn er heimilt að hækka hlutafé sparisjóðsins með útgáfu hlutafjár í C flokki, um allt að kr. 600.000 að nafnverði með áskrift nýrra hluta á genginu 1.000, á grundvelli áskriftarsamninga sem stjórn gerir við fjárfesta. Stjórn ákveður aðra skilmála áskriftar í samræmi við heimild þessa. Hluthafar skulu ekki njóta forgangsréttar að útgefnum hlutum samkvæmt heimild þessari. Heimild þessi gildir til 31. desember 2025. Stjórn er heimilt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum sparisjóðsins í tengslum við nýtingu hennar. Að öðru leyti skulu hlutafjárukningar fara fram í samræmi við samþykktir sparisjóðsins og viðeigandi ákvæði laga um hlutafélög nr. 2/1995.²

Stjórn hefur rétt til þess að skipta hlutafé í C-flokki fyrir hluti í B-flokki án samþykkis hluthafa, sbr. 4. mgr. 27. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995, enda sé slík ákvörðun í samræmi við skilmála áskriftarsamninga við fjárfesta. Þó skal aldrei skipta hlutum í C-flokki í fleiri hluti í B-flokki en sem nemur því að skiptihlutfallið miðist annars vegar við áskriftargengi hluta í C-flokki og hins vegar við gengi hluta í B-flokki samkvæmt áskriftarsamningi, þó þannig að hver hlutur í B-flokki skuli ekki reiknaður á lægra gengi en kr. 614,34 við útreikning skiptihlutfallsins. Stjórn hefur því heimild til að gefa út allt að 376.658 nýja hluti í B-flokki við skiptingu hlutafjár í C-flokki fyrir hluti í B-flokki (samhliða skiptingu á hlutum í C-flokki í hluti í B-flokki í hlutfallinu 1 á móti 1) og skal verð fyrir hvern

¹ Þann 28. apríl 2025 hafði stjórn nýtt heimild sína til útgáfu 40.783 nýrra A-hluta.

² Þann 29. júlí 2025 hafði stjórn nýtt heimild sína til útgáfu 530.736 nýrra C-hluta og þann 30. desember 2025 til útgáfu 69.264 nýrra C-hluta til viðbótar. Heimild til útgáfu C-hluta er því fullnýtt.



nýjan hlut í B-flokki vera kr. 1. Hluthafar skulu ekki njóta forgangsréttar að nýjum hlutum í B-flokki í samkvæmt heimild þessari. Heimild þessi gildir til 31. desember 2028.³

- 2.7. Stjórn er heimilt að ákveða hækkun hlutafjár sparisjóðsins, í einu lagi eða í áföngum, um allt að kr. 2.000.000 að nafnverði, með útgáfu nýrra hluta í B-flokki. Forgangsréttur hluthafa skv. 34. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995 skal ekki eiga við um útgáfu hluta samkvæmt heimild þessari. Stjórn sparisjóðsins ákveður útboðsgengi þessara hluta og sölureglur hverju sinni, fresti til áskriftar og fresti til greiðslu þeirra. Stjórn sparisjóðsins er heimilt að ákveða að áskrifendur greiði fyrir hina nýju hluti að hluta eða öllu leyti með öðru en reiðufé. Heimild þessi gildir til næsta aðalfundar sparisjóðsins eða til 31. mars 2027, hvort sem kemur á undan. Stjórn er heimilt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum sparisjóðsins sem leiða af útgáfunni.⁴
- 2.8. Stjórn indó er heimilt, til 30. september 2026, að gefa út áskriftarréttindi fyrir allt að 1.600.000 nýjum hlutum í B-flokki samkvæmt nánari skilmálum sem stjórn ákveður hverju sinni. Á grundvelli heimildar þessarar skal stjórn heimilt að afhenda áskriftarréttindi til fjárfesta sem taka þátt í hlutafjárukningu á grundvelli heimildar stjórnar skv. grein 2.7 í samþykktum þessum og hluthafa sem fá hluti í B-flokki útgefna til sín við umbreytingu hluta úr C-flokki í B-flokk innan þeirra tímamarka sem stjórn ákveður. Stjórn er jafnframt heimilt, til 31. mars 2028, að framkvæma nauðsynlega hlutafjárhækkun í tengslum við nýtingu áskriftarréttindanna með því að hækka hlutafé í B-flokki, þó að hámarki kr. 2.000.000 að nafnverði. Hluthafar falla frá forgangsrétti sínum að áskriftarréttindunum og þeim hlutum sem kunna að verða gefnir út við nýtingu þeirra.⁵
- 2.9. Þrátt fyrir ákvæði greinar 2.3. er sparisjóðnum aðeins heimilt, í öðrum tilfellum en þeim sem greinir í 56. og 57. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög, að kaupa og selja eigin hluti, að hluthafafundur hafi veitt stjórn slíka heimild. Er hluthafafundi óheimilt að veita slíka heimild til lengri tíma en 5 ára hverju sinni. Verði heimild til kaupa og eignarhalds á eigin hlutum veitt af hluthafafundi skal hennar getið í sérstökum viðauka við samþykktirnar og skal viðaukinn vera hluti samþykktanna þann tíma sem heimildin er í gildi.
- 2.10. Hluthafi ber ekki ábyrgð á skuldbindingum sparisjóðsins umfram hlut sinn í sparisjóðnum.
- 2.11. Engar hömlur eru á viðskiptum með hluti í sparisjóðnum aðrar en þær sem fram koma í samþykktum þessum.

³ Þann 16. apríl hafði stjórn nýtt heimild sína til að umbreyta öllu hlutafé í C-flokki yfir í hluti í B-flokki í hlutfallinu 1 á móti 1 og samhliða voru gefnir út 376.658 B-hlutir í samræmi við ákvæði 2.6.

⁴ Þann 16. apríl 2026 hafði stjórn nýtt heimild sína til útgáfu 839.061 nýrra B-hluta og þann 4. maí 2026 til útgáfu 59.139 nýrra B-hluta til viðbótar.

⁵ Þann 16. apríl 2026 hafði stjórn gefið út áskriftarréttindi fyrir 1.502.747 nýjum hlutum í B-flokki og þann 4. maí 2026 áskriftarréttindi fyrir 88.705 nýjum hlutum í B-flokki til viðbótar.



3. Hluthafafundir

- 3.1. Æðsta vald í málefnum sparisjóðsins er í höndum lögmætra hluthafafunda.
- 3.2. Hluthafafundir skulu boðaðir með rafrænum hætti, t.d. með birtingu á heimasíðu sparisjóðsins. Sparisjóðnum skal jafnframt heimilt að tilkynna hluthöfum um fundarboð með tölvupósti, að því gefnu að sparisjóðurinn hafi upplýsingar um tölvupóstföng viðkomandi hluthafa.
- 3.3. Boða skal til hluthafafundar lengst fjórum vikum fyrir fund en skemmst sjö dögum fyrir fund. Aðalfund skal þó boða með minnst 14 daga fyrirvara.
- 3.4. Hluthafafundi skal halda eftir ákvörðun stjórnar, eða að kröfu kjörinna endurskoðenda eða hluthafa sem ráða að minnsta kosti einum tuttugasta hlut hlutafjár í sparisjóðnum. Kröfu um fundarhald skal gera skriflega og greina fundarefni. Ber stjórninni þá að boða til fundar innan fjórtán daga frá því að krafa um fund er gerð. Ef stjórn sparisjóðsins boðar ekki fund þrátt fyrir móttöku slíkrar kröfu má leita atbeina ráðherra við boðun fundarins.
- 3.5. Hluthafafundur er lögmætur ef hann er löglega boðaður og mættir eru hluthafar eða umboðsmenn þeirra sem hafa yfir að ráða helmingi hlutafjár í sparisjóðnum að minnsta kosti. Verði fundur ólögmætur vegna annmarka að þessu leyti skal boða til nýs fundar innan mánaðar með sjö daga fyrirvara og verður sá fundur lögmætur til að ræða þau mál sem ræða átti á fyrri fundinum ef á hann mæta tveir hluthafar eða fleiri eða umboðsmenn þeirra, enda ráði þeir yfir fimmtungi hlutafjár í sparisjóðnum hið minnsta.
- 3.6. Að minnsta kosti tveimur vikum fyrir aðalfund, nema boðunarfrestur sé skemmri, skal dagskrá, endanlegar tillögur, ársreikningur, skýrsla stjórnar og skýrsla endurskoðenda auk tillagna stjórnar um starfskjarastefnu, lögð fram hluthöfum til sýnis á skrifstofu sparisjóðsins og send sérhverjum skráðum hluthafa sem þess óskar.
- 3.7. Hluthafafundum stjórnar fundarstjóri sem fundurinn kýs og tilnefnir hann fundarritara með samþykki fundarins. Fundarstjóri skal leysa úr öllum atriðum sem snerta lögmæti fundarins og framkvæmd hans samkvæmt samþykktum þessum og lögum. Jafnframt ákveður hann form umræðna, meðferð málefna á fundinum og atkvæðagreiðslur.
- 3.8. Stjórn sparisjóðsins er heimilt að ákveða notkun rafrænna miðla í tengslum við þátttöku hluthafa í hluthafafundum og atkvæðagreiðslu samkvæmt 80. gr. a laga um hlutafélög.
- 3.9. Eitt atkvæði fylgir hverjum hlut í sparisjóðnum, hvort sem um er að ræða A hluti eða B hluti.
- 3.10. Hluthafar geta með skriflegu umboði veitt umboðsmönnum heimild til að sækja hluthafafund og fara með atkvæðisrétt sinn. Umboð má veita skriflega eða rafrænt og skal það dagsett. Umboðið gildir aldrei lengur en eitt ár frá dagsetningu þess.



- 3.11. Á hluthafafundi ræður afl atkvæða nema öðruvísi sé mælt fyrir í landslögum eða samþykktum þessum.
- 3.12. Samþykki allra hluthafa til þess að ákvarðanir um eftirtaldar breytingar á samþykktum verði gildar:
 - A. Að auka skuldbindingar hluthafa gagnvart sparisjóðnum.
 - B. Að takmarka heimildir hluthafa til meðferðar á hlutum sínum umfram það sem leiðir af lögum.
- 3.13. Tillögur um breytingar á samþykktum sparisjóðsins eða sameiningu hans við önnur félög má ekki taka til meðferðar á fundum þess nema þess hafi verið getið í fundarboði.
- 3.14. Aðalfundur skal haldinn fyrir lok ágúst ár hvert.
- 3.15. Á fundinum skulu eftirfarandi mál tekin til afgreiðslu:
 1. Skýrsla stjórnar sparisjóðsins um rekstur og starfsemi hans síðastliðið starfsár.
 2. Staðfesting ársreiknings og tekin ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað eða tap sparisjóðsins á reikningsárinu.
 3. Kosning í stjórn sparisjóðsins.
 4. Ákvörðun um þóknun stjórnarmanna sparisjóðsins og laun nefndarmanna í undirnefndum stjórnar.
 5. Kosning endurskoðunarfélags eða skoðunarmanna fyrir sparisjóðinn.
 6. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu, ef við á, sbr. 79. gr. a laga um hlutafélög.
 7. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.
- 3.16. Fundargerðir skulu færðar í fundargerðabók og eru þær full sönnun þess sem fór fram á hluthafafundi.

4. Stjórn sparisjóðsins

- 4.1. Stjórn sparisjóðsins skipa fimm aðilar, og allt að þrjú til vara, sem kosnir skulu á aðalfundi.
- 4.2. Stjórn kys sér formann úr sínum hópi en að öðru leyti skiptir hún með sér verkum eins og þurfa þykir.
- 4.3. Formaður kveður stjórnina til fundar og stýrir fundum. Stjórnarfundur skal halda þegar formaður telur þess þörf. Fundur skal jafnframt halda ef einhver stjórnarmanna, framkvæmdastjóri eða endurskoðandi sparisjóðsins krefst þess.
- 4.4. Stjórnarmönnum er heimil þátttaka í stjórnarfundum með aðstoð rafrænna miðla.



- 4.5. Stjórnarfundur er ákvörðunarbær þegar meirihluti stjórnarmanna tekur þátt í fundarstörfum. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmann hafi haft tæk á að fjalla málið, sé þess kostur.
- 4.6. Afl atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum. Tillögur falla á jöfnum atkvæðum. Sé kosið milli stjórnarmanna og falli atkvæði jöfn skal hlutkesti ráða.
- 4.7. Stjórn skal halda fundargerðarbók um það sem gerist á stjórnarfundum og staðfesta hana með rafrænni undirskrift.
- 4.8. Undirskrift meirihluta stjórnarmanna skuldbindur sparisjóðinn.
- 4.9. Stjórn veitir prókúruumboð.
- 4.10. Stjórn starfar samkvæmt starfsreglum sem stjórnin setur á grundvelli laga um hlutafélög.

5. Framkvæmdastjórn

- 5.1. Stjórn sparisjóðsins ræður framkvæmdastjóra sparisjóðsins og ákveður starfskjör hans.
- 5.2. Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur sparisjóðsins og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem stjórn hefur gefið. Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar. Slíkar ráðstafanir getur framkvæmdastjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild frá stjórn, nema ekki sé unnt að biða ákvörðunar stjórnar án verulegs óhagræðis fyrir starfsemi sparisjóðsins. Í slíkum tilvikum skal stjórn tafarlaust tilkynnt um ráðstöfunina.
- 5.3. Framkvæmdastjóri skal sjá um að bókhald sparisjóðsins sé fært í samræmi við lög og venjur og að meðferð eigna sparisjóðsins sé með tryggilegum hætti.

6. Ársreikningar og endurskoðun

- 6.1. Á aðalfundi skal kjósa sparisjóðnum endurskoðanda til eins árs í senn, til að endurskoða ársreikning sparisjóðsins. Endurskoðanda og skoðunarmann má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna eða starfsmanna sparisjóðsins.
- 6.2. Reikningsár sparisjóðsins er almanaksárið.

7. Breytingar á samþykktum

- 7.1. Ákvörðun um breytingu á félagssamþykktum verður því aðeins gild að hún hljóti samþykki minnst 2/3 hluta greiddra atkvæða svo og samþykki hluthafa sem ráða yfir minnst 2/3 hlutum þess hlutafjár sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundinum.

8. Slit sparisjóðsins og samruni

- 8.1. Með tillögum um slit og skipti á sparisjóðnum eða samruna við annað félag eða önnur



félög skal fara sem um breytingar á samþykktum þessum. Þarf atkvæði hluthafa sem ráða minnst 2/3 hlutum af heildarhlutafé sparisjóðsins til að ákvörðun um slit eða samruna verði gild. Hluthafafundur sem tekið hefur löglega ákvörðun um slit eða skipti sparisjóðsins, skal einnig ákveða ráðstöfun á eignum hans og skuldum.

9. Ýmis ákvæði

- 9.1. Þar sem ákvæði samþykpta þessara segja ekki til um hvernig með skuli farið skal hlíta ákvæðum laga um hlutafélög nr. 2/1995 og öðrum lagaákvæðum er við geta átt.

Þannig samþykkt á hluthafafundi þann 8. apríl 2026.